

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2012

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum, 173. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. október sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum (fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur), 173. mál. SVP hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja fá að koma á framfæri við allsherjar- og menntamálanefnd eftirfarandi athugasemdum.

Á bls. 8 í athugasemdum með frumvarpinu segir m.a. að markmið breytinganna er að gera lögregluinni kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum þrátt fyrir þann niðurskurð sem hún hefur gengið í gegnum á undanförunum árum og fyrirsjáanlegt aðhald í ríkisfjármálum á næstu árum. Þá er á sömu blaðsíðu vísað til starfs verkefnisstjórnar sem ætlað er að stýra breytingum og tilfærslu á verkefnum sýslumannasembætta og lögregluembætta. Er verkefnisstjórn þessari m.a. ætlað að móta meginstefnu um uppbyggingu, skipulag og viðfangsefni lögregluembætta. SVP gera almennt ekki athugasemdir varðandi markmið og tilgang frumvarpsins eins og þessum þáttum er lýst í frumvarpinu og athugasemdum við það en óska eftir sem áður að koma á framfæri sérstakri athugasemd hvað þessi atriði varðar.


Að undanförunu hafa SVP haft til skoðunar framkvæmd og fyrirkomulag varðandi meðferð bótaskrafa í sakamálum, bæði hvað varðar framkvæmd þessara mála hjá dómstólum sem og ákærvaldinu. Ástæða þessarar vinnu er tilkomin vegna ábendinga aðildarfélaganna SVP um ákveðna slagsíðu varðandi framkvæmd þessara mála hjá bæði ákærusviði lögreglu og hjá dómstólum. Hvað varðar ákærvaldið, þ.m.t. ákærusvið einstakra lögregluembætta, er það mat SVP að fjöldi mála vegna þjófnaða úr verslunum er látinn niður falla að ákærusviðum og því er þau mál ekki borin undir dómstóla. Við slíka niðurfellingu mála er fyrirtækjum því ekki unnt að fylgja eftir réttmætum kröfum sínum með tilheyrandi tjóni fyrir hlutaaðeigandi. Ráða má að stór hluti þessara mála eru felld niður vegna manneklu hjá ákærusviðum lögregluembætta, s.s. vegna forgangsröðunar í skjóli aðhaldskrafna og niðurskurðar.

Eins og fram kemur í framangreindum athugasemdum með umræddu frumvarpi má ráða að fyrirsjáanlegt er að aðhaldskröfum verði áfram viðhaldið í opinberum rekstri á næstu árum og því er hætt við að sambærileg mál verði áfram felld niður í nafni manneklu og hagræðingar. Afleiðing þessa eru þá þær að kröfur, réttmætar kröfur vegna sannarlegs tjóns, falla niður og verða tjónþolar þar af leiðandi að bera tjón sitt sjálfir. Hins vegar er hér ekki eingöngu um að ræða tjón fyrir einstaka fyrirtæki heldur um leið þjóðhagslegt tjón enda fellur öll slík rýrnum út í verðlag hverju sinni.

Mat SVP á þessu er að fyrirkomulag þetta og framkvæmd mun leiða til þess að þjófnum mun fjölga, fleiri mál ákærvalds verða felld niður vegna manneklu og tjón samfélagsins mun að lokum aukast.

Með vísan til framanritaðs telja SVP mikilvægt að þær breytingar sem lagðar eru til í umræddu frumvarpi, sem og almennar aðhaldskröfur sem gerðar eru til lögreglunnar, verði ekki til þess að slegið verði af þeirri þjónustu sem lögreglu er ætlað að sinna. Að sama skapi gera SVP þá kröfu að lögreglunni verði gert kleift að sinna lögbundnum skyldum sínum, sbr. framangreindar athugasemdir, hvort sem það er sýnileg löggæsla eða skilvirkt ákærusvið lögreglunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lárus M.K. Ólafsson
lögfræðingur